

**Aðalfundur LSG 24. maí 2004**  
**haldinn í húsi Nýherja kl. 20.00**

Fundarstjóri : Jón Freyr Þórarinsson.

1. Skýrsla formanns, Erlings Ásgeirssonar:

Erling las reglur varðandi friðlandið og sýndi kort af svæðinu. Síðan kynnti hann stjórnina og hlutverk Hornstrandanefndar, þar sem landeigendur skipa helming nefndarinnar eða þrjá menn, Ísafjarðarbær hefur tvo fulltrúa, þar af er bæjarstjórinn annar þeirra og svo er formaður Hornstrandanefndar frá Umhverfisstofnun. Gott samstarf er við verkefnastjóra umhverfisstofnunar.

Hann kynnti áherslur varðandi byggingaleyfi og benti á að almennar akstursreglur þurfa að gilda í friðlandinu eins og annarsstaðar á landinu og að lög og reglur í friðlandinu þurfa að standast fjölbjóðlega staðla. Fjórthjól eru ekki skoðunarskyld.

Erling upplýsti hverjir sæu um hin ýmsu björgunarsýli í friðlandinu og að fyrirhugað væri að gera við skýlið á Látrum sumarið 2004. Hann gat þess að sótt hefði verið um leyfi til að reisa bryggju á Hesteyri.

Að lokum kynnti hann skýrslu landvarðar sem ekki gat komist á fundinn.
2. Skýrsla gjaldkera, Guðríðar Benediktsdóttur:

Í lok árs 2003 voru eignir félagsins kr. 249.143.-
3. Stjórnarkjör:

Stjórnin gaf kost á sér til áframhaldandi setu og var öll endurkosin ásamt varamönnum og skoðunarmönnum.
4. Önnur mál:

Þorvarður Jónsson flutti skýrslu um störf sín hjá Samtökum eigenda sjávarjarða SES, en Þorvarði var falið að vera fulltrúi LSG í þeim samtökum. Hann flutti kveðju formanns SES Ómars Árnasonar.

10. júní árið 2003 var Davíð Oddssyni sent bréf þar sem farið var fram á að hann skipaði starfshóp til að tryggja rétt félagsmanna í SES, en með þessari beiðni fylgdi tilvísun í forn lög. Forsætisráðherra hafði ekki svarað bréfinu.

  1. júlí var Guðna Ágústssyni, Drífu Hjartardóttur, Árna Árnasyni og Árna Matthiesen sent bréf með kröfu SES um að réttindi til útræðis væri virt og að landeigendur fái hlut af fiskveiðikvóta í sínar hendur. Kynningabréf var skrifað á ensku og sent sendiherra Noregs og Íslands hjá Evrópusambandinu.
  2. okt. var send auglýsing í Lögbirtingarblaðið um einkaeign á netalögnum sem væri réttur eigenda sjávarjarða, en blaðið neitaði að birta auglýsinguna. Neitunin var kærð til Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

Þorvarður ræddi við Rannveigu Guðmundsdóttur alþingismann og lét hana hafa öll gögn, en hún lét fulltrúa Samfylkingar í sjávarútvegsnefnd fá gögnin.

Ragnar Aðalsteinsson hefur tekið að sér að höfða mál fyrir hönd SES, og mun fyrst leita eftir viðurkenningu á rétti eigenda sjávarjarða samkvæmt netlögum. Hann telur að landeigendur eigi þennan rétt og að erfitt verði að hafna þeim rétti. Ríkisstjórnin svarar engu og virðist vilja þegja allt í hel. Ef leyfi fæst um netlög er næsta skref að fá viðurkenndan rétt til útræðis sem byggir á hefð.

Búið er að ráða sagnfræðing til að afla gagna sumarið 2004 sem Ragnar getur svo lagt fram. Guðni Ágústsson hefur dregist á að ef til vill veiti hann styrk til vinnunnar.

Félagsgjald í SES er kr. 3000.- fyrir hverja útræðisjörð en í Friðlandinu eru 16 jarðir og 4 utan þess, en það eru samtals kr. 60.000.- fyrir allar þær jarðir sem tilheyra LSG.

Stjórn LSG falið að fjalla um tillögu Þorvarðar að LSG greiði félagsgjöld/árgjöld fyrir allar 20 jarðirnar.

Þorvarður las síðan smá kafla úr handriti af sjálfsævisögu föður síns Jóns Kristjánssonar.

Jón var fæddur í Miðvík og alinn upp í Þverdal vegna þess að móðir Jóns veiktist eftir barnsburðinn. Jón lýsti skólahúsinu á Látrum sem reist var fyrir aldamótin 1900 og jafnframt lýsir hann dvöl sinni á Látrum þegar hann var 11 ára sendur í skóla þangað, en þar las hann Helgakver, biblíusögur, landafræði og sitthvað fleira. Friðfinnur Kjærnested byggði skólahúsið og fékk að búa í risi hússins, hann var þá 73 ára og fékk til sín tvítuga ráðskonu sem hann átti barn með. Frásögn Jóns er skemmtileg þar sem hann lýsir margskonar staðháttum.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 10.00

14 félagsmenn sóttu fundinn.

Matthildur Guðmundsdóttir fundarritari.